

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og unglínga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða stefnumið ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí 1999, hafa komið til framkvæmda og hver á eftir að uppfylla á sviði heilbrigðis- og tryggingamála,

- a. í þjónustu fyrir langveik börn og aðstandendur þeirra á sjúkrahúsum, þ.e.
  - að stuðla að eflingu þverfaglegrar teymisvinnu til að auka fjölskylduráðgjöf o.fl.,
  - að efla búnað til fjarkennslu og fjarfunda,
  - að stofna hjúkrunarheimili fyrir langveik og langveik fötluð börn, og
  - að undirbúa opnun deildar fyrir langtímameðferð á vegum Barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans fyrir unglínga;
- b. í skólaheilsugæslu og heilsugæslu, þ.e.
  - að auka samstarf heilbrigðis- og menntakerfisins til að tryggja samfellu og gæði í umönnun langveikra barna í skólum,
  - að auka sálfræðiþjónustu hvað varðar greiningu, meðferð og stuðning,
  - að stofna fagráð um skólaheilsugæslu og gefa út handbók um skólaheilsugæslu,
  - að koma á heilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum sem taki mið af þörfum langveikra ungmenna, og
  - að efla sérfræðiþjónustu (sálfræðinga, iðjuþjálfara eða félagsráðgjafa) vegna greiningar og meðferðar barna með geðraskanir á þremur heilsugæslustöðvum?

Skriflegt svar óskast.